

**FUNDARGERÐ HREPPSNEFNDAR**

Miðvikudaginn 10. september 2003 var fundur haldinn í Hreppsnefnd Höfðahrepps kl 8<sup>00</sup> á skrifstofu hreppsins.

Á fundinn voru mætt: Adolf H. Berndsen, Birna Sveinsdóttir, Jensína Lýðsdóttir, Gunnar Þór Gunnarsson og Magnús B. Jónsson.

Oddviti setti fundinn og stjórnaði honum.

**1. Fjármál Höfðahrepps:**

a) Yfirlit yfir rekstur 1. júlí 03.

Fyrir fundinum lá útprentun úr aðalbók fyrir sveitarsjóð og stofnanir Höfðahrepps miðað við 1. júlí 2003. Einnig lagði sveitarstjóri fram á fundinum minnisblöð og samantektir um tekjur og fjárfestingar. Mikil umræða varð um fjármál sveitarfélagsins og farið yfir einstaka liði í aðalbókinni. Fram kom að tekjur sveitarsjóðs virðast verða töluvert lægri en áætlað var í fjárhagsáætlun. Samþykkt að taka fjárhagsáætlun til endurskoðunar á næstu vikum.

b) Hlutabréfaeign.

Til umræðu var tekið hver skuli vera stefna sveitarfélagsins í fjárfestingum og eign í hlutafélögum. Nafnverð hlutabréfa sveitarsjóðs í Hf. Eimskipafélagi Íslands er 73.607.956 kr. eða sem nemur 1,43% í félaginu. Mikil umræða varð um stöðu Eimskipafélagsins og þær breytingar sem orðið hafa á eignarhaldi í félaginu undanfarnar vikur. Umræðurnar leiddu ekki til ákveðinnar niðurstöðu en ákveðið að taka málið upp að nýju innan skamms.

**2. Byggðakvóti:**

a) Reglugerð nr. 569/2003 um úthlutun á 1.500 þorskígildislestum til stuðnings sjávarbyggðum.

Fyrir fundinum lá reglugerðin þar sem kveðið er á um ákveðnar reiknireglur um úthlutun byggðakvóta. Hreppsnefnd ræddi möguleika á að byggðakvóta yrði úthlutað til Skagastrandar miðað við umrædda reglu.

b) Bréf Norðurstrandar ehf / Norðuróss ehf, um byggðakvóta.

Í bréfinu er sótt um allan þann byggðakvóta sem úthlutað verði til Höfðahrepps og til vara er óskað eftir að bátar sem fái kvótann landi hjá þessum fyrirtækjum.

Við umræðu um málið kom fram að kvótanum verður einungis úthlutað á fiskiskip og því sé ekki hægt að setja reglu um að hann renni til landvinnslufyrirtækja. Hvað varðar ósk um að bátar landi hjá vinnslu fyrirtækjanna var vísað til gerðar almennra reglna um úthlutunina skv. c) lið.

c) Tillaga að reglum um úthlutun aflaheimilda.

Fyrir fundinum lágu drög að reglum sem sveitarstjóri hafði samið. Mikil umræða varð um hvaða reglur sé rétt að setja um úthlutun aflaheimilda.

Svohljóðandi tillaga var samþykkt samhljóða:

**Tillaga að reglum um úthlutun aflaheimilda skv. reglugerð nr. 596/2003.**

Hreppsnefnd Höfðahrepps samþykkir eftirfarandi reglur til úthlutunar veiðiheimilda á grundvelli reglugerðar nr. 596/2003.

Þær veiðiheimildir sem kunna að koma í hlut Höfðahrepps skv. 2. gr. reglugerðarinnar skulu skiptast með eftirfarandi hætti:

1. Úthlutun veiðiheimildanna verði skipt eingöngu milli þeirra skipa sem skráð haf verið með heimahöfn á Skagaströnd fiskveiðiárið 2002-2003 eða að eigendur þess hafi átt lögheimili í Höfðahreppi á sama tímabili og hafi skráð skip 1. september 2003.
2. Miðað skal við að stærð fiskiskipa sem hljóta úthlutun sé takmörkuð við 250 brl.
3. Einungis verði úthlutað til þeirra sem leggja fram samkomulag við vinnslustöð á Skagaströnd um úrvinnslu aflans skv. úthlutuðum heimildum og jafnframt að útgerð viðkomandi skipa/báta lýsi yfir vilja til að leggja jafn margar þorskígildislestir á móti til vinnslu á staðnum og úthlutuninni nemur.

### 3. Bréf:

d) Sambands íslenskra sveitarfélaga um fjármálaráðstefnu, dags. 4. sept. 2003.

Í bréfinu er greint frá því að hin árlega fjármálaráðstefna sveitarfélaga verði haldin á Nordica Hotel dagana 5. og 6. nóvember nk. Bréfið var til kynningar og óskað eftir að hreppsnefndarmenn tilkynntu um þátttöku til sveitarstjóra.

e) Félagsmálaráðuneytisins, um vínveitingaleyfi, dags. 19. ágúst 2003.

Í bréfinu er vísað til álts Dóms- og kirkjumálaráðuneytisins þar sem túlkuð eru ákvæði áfengislaga til að veita áfengisveitingaleyfi og tækifærisvínveitingaleyfi. Bréfin voru til kynningar og ekki gerðar samþykktir þeirra vegna.

f) Sýslumannsins á Blönduósi, umsögn um veitingaleyfi, dags. 18. ágúst 2003.

Með bréfinu er óskað eftir umsögn um leyfi til handa Aðalheiði Sif Árnadóttur vegna Söluskálans á Skagaströnd til að reka veitingastofu, greiðasölu. Hreppsnefnd samþykkti að leggja ekki gegn veitingu leyfisins og var sveitarstjóra falið að rita umsögn til sýslumanns.

g) Fjárlaganefndar Alþingis, dags. 4. sept. 2003.

Með bréfinu er tilkynnt um að Fjárlaganefnd Alþingis gefi sveitarstjórnarmönnum kost á að eiga fund með nefndinni vegna fjárlagaársins 2004. Ákveðið að panta tíma hjá nefndinni.

h) Sýslumannsins á Blönduósi, um afskrift á þinggjöldum, dags. 4. sept. 2003.

Með bréfinu óskar embætti sýslumanns eftir að sveitarstjórn samþykki afskrift á útsvari til einstaklinga sem teljist eignalausir og árangurslaust fjárnám hefur verið framkvæmt hjá. Hreppsnefnd fór yfir málið og ræddi stöðu umræddra skuldara. Samþykkt að verða við erindi sýslumanns með fyrirvara um að ekki komi fram nýjar upplýsingar.

i) Menntamálaráðuneytisins um tónmenntakennslu, dags. 3. sept. 2003.

Í bréfinu er greint frá könnun á tónmenntakennslu í grunnskólum skólaárið 2002-2003. Í umræddri könnun kom í ljós að tæplega 20% skóla kenna ekki tónmennt og að rétt um helmingur þeirra sem kenna tónmennt í grunnskólum eru ekki með sémenntun í tónmenntakennslu. Í bréfinu er áréttað að skv. aðalnamsskrá skuli hver nemandi fá tvo kennslutíma í tónmennt á viku í 1-8. bekk.

Bréfið var til kynningar og erindinu vísað til skólanefndar.

j) Krossgatna um endurhæfingarheimilis, dags. 2. sept. 2003.  
Með bréfinu er óskað eftir styrk til stækkunar endurhæfingarheimilis Krossgatna.  
Hreppsnefnd taldi ekki forsendur til að verða við erindinu m.t.t. fjárhagsáætlunar.

**4. Fundargerðir:**

- a) Húsnæðisnefndar, 1. sept. 2003.  
Fundargerðin var samþykkt
- b) Húsnæðisnefndar, 12. ágúst 2003.  
Fundargerðin var samþykkt.
- c) Hafnarnefndar, 27. ágúst 2003.  
Fundargerðin var samþykkt.
- d) Verkfundar um svæðisskipulag í A-Hún, 21. ágúst 2003.  
Fundargerðin var til kynningar.
- e) Héraðsráðs, 19. ágúst 2003.  
Fundargerðin var til kynningar.
- f) Samvinnunefndar um svæðisskipulag, 21. ágúst 2003.  
Fundargerðin var til kynningar.
- g) Íbúafundar um svæðisskipulag, 21. ágúst 2003.  
Fundargerðin var til kynningar.

**5. Önnur mál**

Oddviti vakti máls á að ástæða sé til að athuga hvort hægt sé að koma upp sölustað fyrir ÁTVR á staðnum. Honum og sveitarstjóra falið að kanna forsendur þess.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl. 12<sup>00</sup>

Magnús B. Jónsson  
(sign)

Adolf H. Berndsen  
(sign)

Gunnar Þór Gunnarsson  
(sign)

Jensína Lýðsdóttir  
(sign)

Birna Sveinsdóttir